

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2017, þriðjudaginn 17. janúar var haldinn 135. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og hófst fundurinn kl. 17:00. Viðstödd voru Guðbrandur Guðmundsson varaformaður, Gísli Rafn Guðmundsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og Elísabet Gísladóttir. Einnig sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóhannes Óli Garðarson, áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, Stefán Garðarsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs, Margrét Richter, deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um skýrslu innri endurskoðunar um úttekt á þjónustumiðstöðvum og hverfisráðum.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs hefur farið yfir úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á hverfisráðum og þjónustumiðstöðvum. Skýrslan er efnismikil og breyta niðurstöður hennar hugmyndafræði borgarinnar um starfsemi hverfisráða. Hverfisráð Grafarvogs telur ekki rétt að það falli í hlut hverfisráða að vera eftirlitsaðili með starfsemi þjónustumiðstöðva. Skerpa þarf á hlutverki hverfisráða sem tengiliðir við nærumhverfið og gefa þeim meira vægi í þeim málum sinna í dag. Þar af leiðandi telur hverfisráð Grafarvogs að valkostur 1 sé skárri kosturinn af þeim sem lagðir eru til í skýrslunni hvað hverfisráðin varðar.

2. Fram fer kynning á vinningstillögum úr hugmyndasamkeppni um skipulag í Gufunesi.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð þakkar fyrir kynningu á vinningstillögum í hugmyndasamkeppni um skipulag á Gufunesi og hlakka til að fylgjast með þróun mála á svæðinu og samstarfinu sem er framundan.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Ekki er annað hægt en að mótmæla fyrirhugaðri byggingu hótela og jafnvel fjölda hótela sem stendur til að byggja í Grafarvogi, þ.e. Gufuneshluta hverfisins.

3. Fram fer kynning áform um Grjótnám í Geldinganesi. Frestað.

Fundi slitið kl. 18:40

Guðbrandur Guðmundsson

Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Gísli Rafn Guðmundsson

Elísabet Gísladóttir